



TILKYNNING VEGNA MATSSKYLDUFYRIRSPURNAR
BREYTING Á BREIÐADALSLÍNU 1
Í DÝRAFIRÐI

BREYTING Á BREIÐADALSLÍNU 1 Í DÝRAFIRÐI

TILKYNNING VEGNA MATSSKYLDUFYRIRSPURNAR

Unnið af: Verkís

Fyrir Landsnet

Dagsetning: 12. maí 2026

© Landsnet 26002

Efnisyfirlit

1	Inngangur.....	5
1.1	Framkvæmdin er tilkynningaskyld.....	5
1.2	Hlutverk Landsnets	5
2	Markmið og forsendur fyrirhugaðrar framkvæmdar	6
3	FRAMKVÆMDALÝSING	7
3.1	Lýsing á framkvæmd.....	7
3.1.1	Línan.....	7
3.1.2	Helgunarsvæði línunnar	9
3.1.3	Slóðir og plön.....	9
3.1.4	Efnispörf og efnistaka	10
3.1.5	Aðstaða verktaka á framkvæmdatíma.....	10
3.2	Frágangur framkvæmda.....	10
3.3	Mótvægisáðgerðir	10
4	LÝSING ÁHRIFASVÆÐIS	11
4.1	Staðhættir.....	11
4.2	Náttúrufar	11
4.2.1	Gróður	11
4.2.2	Fuglar	12
4.2.3	Jarðmyndanir.....	13
4.3	Landslag.....	13
4.4	Vatnshlot	15
5	Verndarsvæði og vatnshlot.....	15
5.1	Vatnsvernd	15
5.2	Vatnshlot	15
5.3	Náttúruvernd	15
5.4	Fornminjar	17
6	MÖGULEG UMHVERFISÁHRIF FRAMKVÆMDAR	19
6.1	Umfang framkvæmdar og áhrifasvæði.....	19
6.2	Hver verða væntanleg áhrif?.....	20
6.3	Niðurstaða Landsnets	23
7	TENGSL VIÐ ÁÆTLANIR.....	23
7.1	Kerfisáætlun	23
7.2	Svæðisskipulag	23
7.3	Aðalskipulag.....	23
7.3.1	Rafveita	24

7.3.2	Efnistökusvæði	25
7.4	Deiliskipulag	25
7.5	Aðrar áætlanir	26
7.5.1	Vatnaáætlun Íslands 2022-2027	26
8	SAMRÁÐSAÐILAR OG LEYFISVEITENDUR	26
8.1	Samráð við undirbúning framkvæmdar	26
8.2	Leyfi sem framkvæmdin er háð	27
9	HEIMILDIR	28
Viðauki 2.	Sýnileikagreining	30
Viðauki 3.	Áhrifamat vatsnshlota	36

1 Inngangur

Hér er um að ræða tilkynningu Landsnets til Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnunar, sem greinir frá framkvæmdum og mögulegum umhverfisáhrifum vegna breytinga á Breiðadalslínu 1. Breytingin felst í að leggja nýjan hluta á 4,23 km leið línunnar í Dýrafirði í Ísafjarðarbæ, frá Dýrafjarðargöngum að Dýrafjarðarbrú, þar sem hún tengis núverandi loftinu. Landsnet hefur þegar lokið við að leggja jarðstreng í Dýrafjarðargöng og með því að leggja línuna áfram á láglendi við sunnanverðan Dýrafjörð mun rekstraröryggi línunnar aukast til muna, þar sem ekki þarf að treysta á línuna þar sem hún liggur yfir rekstrarlega erfitt svæði á Flatafjalli.

Í tilkynningunni er greint frá núverandi ástandi áhrifasvæðis framkvæmdarinnar, lýsing á framkvæmdum og hvað getur einkennt áhrif hennar. Á grundvelli þessa er skoðað hvort möguleikar séu á að framkvæmdin geti haft í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, þ.e. geti leitt til verulegra óafturkræfra umhverfisáhrifa eða valdið verulegum spjöllum á umhverfinu sem ekki er hægt að fyrirbyggja eða bæta úr með mótvægisáðgerðum.

Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun sendir tilkynninguna til lögbundinna umsagnaraðila, sem hafa fjórar vikur til að skila stofnuninni umsögn. Stofnunin óskar í kjölfarið viðbragða Landsnets við umsögnunum. Þegar umsagnir og viðbrögð Landsnets liggja fyrir tekur Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun ákvörðun um hvort framkvæmdin er matsskyld, þ.e. hvort ráðast þurfi í umhverfismat eða ekki. Ákvörðun Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnunar skal liggja fyrir innan sjö vikna frá því stofnunin tók við fullnægjandi gögnum framkvæmdaraðila.

1.1 Framkvæmdin er tilkynningaskyld

Í 1. viðauka við lög um umhverfismatmat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 eru tilgreindar framkvæmdir sem kunna að vera háðar mati á umhverfisáhrifum og þarf að tilkynna til Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnunar samkvæmt 19. gr laganna.

Framkvæmd við fyrirhugaðar breytingar á Breiðadalslínu 1 er tilkynningaskyld til ákvörðunar um matsskyldu til Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnunar samkvæmt flokki B, sbr. tl. 13.02 í 1. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Þar segir:

„Allar breytingar eða viðbætur við framkvæmdir sem tilgreindar eru í flokki A, utan þess sem fellur undir tölul. 13.01, og flokki B sem hafa verið leyfðar, framkvæmdar eða eru í framkvæmd og kunna að hafa umtalsverð umhverfisáhrif.“

1.2 Hlutverk Landsnets

Hlutverk Landsnets er að byggja upp, stýra og reka flutningskerfi raforku til að flytja raforku frá virkjunum til dreifiveita og stórnotenda á grundvelli raforkulaga nr. 65/2003. Til kerfisins teljast flestar línur sem eru með 66 kV spennu og hærri.


Landsneti ber á tveggja ára fresti að leggja fram kerfisáætlanir til Rafokueftilits Umhverfis- og orkustofnunar, sem greina annars vegar frá þeim þáttum í meginflutningskerfinu sem fyrirhugað er að byggja upp eða uppfæra innan 10 ára og hins vegar framvæmdaáætlun til þriggja ára.

Fyrirhuguð framkvæmd við Breiðadalslínu 1 er liður í styrkingu flutningskerfis Landsnets á Vestfjörðum og framkvæmdin er á *Kerfisáætlun Landsnets 2025-2034* og framvæmdaáætlun, sem hluti af styrkingu flutningskerfisins á Vestfjörðum og tvítengingu Breiðadals við Mjólka. Breiðadalslína 2, þ.e. ný 132 kV lína á Vestfjörðum er á langtímaáætlun 2029-2031, en framkvæmdin verður hluti af áfangaskiptingu þeirrar línuframkvæmdar.

2 Markmið og forsendur fyrirhugaðrar framkvæmdar

Landsnet vinnur að því að styrkja flutningskerfið á Vestfjörðum. Í Kerfisáætlun *Landsnets 2025-2034* kemur m.a. fram að á norðanverðum Vestfjörðum sé hringtenging milli Breiðadals, Bolungarvíkur og Ísafjarðar, en sá hringur er tengdur frá Breiðadal í Öndarfirði við Mjólka um Breiðadalslínu 1. Jafnframt kemur fram að Breiðadalslína 1 sé einn af helstu veikleikum flutningskerfisins á Vestfjörðum. Framkvæmdin mun strax auka öryggi flutningskerfisins á Vestfjörðum, þó svo að uppbyggingu kerfisins sé ekki lokið.

Lagning 132 kV loftlínu frá Dýrafjarðargöngum að Dýrafjarðarbrú (Mynd 1) er liður í langtímauppbyggingu við svokallaðan Norðurhring, línu á milli Mjólkar og Breiðadals, þ.e. Breiðadalslínu 2 (132 kV), en fyrst um sinn verður línan hluti af Breiðadalslínu 1 og rekin á 66 kV spennu.



Mynd 1 Staðsetning framkvæmdasvæðisins, ný línuleið Breiðadalslínu 1 frá Dýrafjarðargöngum að Dýrafjarðarbrú. Gula línan sýnir áformaða legu nýju línunnar en bláa línan sýnir núverandi Breiðadalslínu 1.

Í Kerfisáætlun *Landsnets 2025-2034* kemur fram að tæknilegir annmarkar séu á því að leggja langa kafla sem jarðstrengi í þessar línur. Ekki sé mikið svigrúm til jarðstrengslagna, enda er búið að leggja hluta af Breiðadalslínu 1 sem jarðstreng um göngin. Takmarkaðir jarðstrengsmöguleikar á Vestfjörðum verða nýttir þar sem þeir nýtast best, m.t.t. ísingar og rekstrarvandamála. Ekki eru forsendur til lagningar jarðstrengs á svæðinu frá munna Dýrfjarðarganga í Drangahlíð að þverun við Kjaranstaði. Byggir það á greiningu á ísingarvá, rekstrarreynslu og kerfislegum takmörkunum flutningskerfis. Í flutningskerfinu á Vestfjörðum eru jarðstrengir lagðir þar sem veruleg rekstraráhætta er til staðar og tæknilegar forsendur leyfa slíka lausn.

Meginmarkmið framkvæmdarinnar er því að styrkja flutningskerfi raforku á Vestfjörðum og auka afhendingaröryggi í kerfinu. Við framkvæmdina er stefnt að því að lágmarka umhverfisáhrif af framkvæmdinni, svo sem af línunni sjálfri, vegagerð og efnistöku í tengslum við hana.

3 FRAMKVÆMDALÝSING

3.1 Lýsing á framkvæmd


Framkvæmdin felur í sér lagningu um 4,23 km 132 kV loftlínu við sunnanverðan Dýrafjörð frá Dýrafjarðargöngum að Dýrafjarðarbrú og er liður í styrkingu flutningskerfisins á Vestfjörðum. Framkvæmdin felst m.a. í slóðagerð, efnistöku, vinnu við plön, undirstöður og stagfestur, reisingu mastra og strengingu leiðara. Einnig er um að ræða sköpun aðstöðu fyrir starfsmenn á verk tíma og frágang svæða í verklok. Tafla 1 sýnir helstu þætti framkvæmdarinnar.

Tafla 1 Breyting á Breiðadalslínu 1, helstu kennistærðir framkvæmdarinnar.


Þáttur	
Lengd línu	4,23 km
Spenna	132 kV / 66 kV
Flutningsgeta (miðað við 40°C leiðarahita)	180 MVA
Gerð leiðara	470-AL3 (18,14 mm)
Fjöldi mastra	20 stk
Meðalhæð mastra	16 m
Lengd jarðvíra	950 m
Efnispörf	18.300 m ³
Lengd nýrra slóða	2,7 km

3.1.1 Línan

Gert er ráð fyrir að ný lína verði byggð með stöguðum stálmöstrum, með jarðvírseyrum á um 1 km kafla frá strengenda við gangnamunna, en áætlað er að bróðurpartur mastrana verði af þeirri gerð sem sýnd er á Mynd 2. Endamöstrin og þar sem línan beygir eru annarrar gerðar og dæmi um það er á Mynd 3. Reist verða alls 20 möstur á nýrri línuleið frá Dýrafjarðargöngum að Dýrafjarðarbrú og meðalhæð mastra verður um 16 m. Bil á milli mastra verður frá um 160 m og upp í tæplega 280 m. Leiðari er af gerðinni 470-AL3 en hann er 18,14 mm í þvermál.



Mynd 2 Dæmi um mastragerðir sem koma til álita við breytingu á Breiðadalslínu 1, til vinstri er hefðbundið BS-stagað burðarmastur og til hægri SMH-stagað mastur með línuhorn $< 15^\circ$.



Mynd 3 Dæmi um gerðir hornmastra sem koma til álita við breytingu á Breiðadalslínu 1, en til vinstri er stagað hornmastur og til hægri stagað strengendamastur með jarðvírur.

Línan verður um 4,23 km að lengd og Mynd 4 sýnir línuleiðina og áætlaða staðsetningu mastra. Myndin sýnir einnig legu núverandi Breiðadalslínu 1 við Dýrafjörð en reiknað er með að ný lína og núverandi lína muni sameinast sunnan Kjaranstaða, þ.e. eldri lína verður tekin niður frá þeim stað og að Dýrafjarðarbrú.

Tilhögun framkvæmda verður með þeim hætti að möstrin verða flutt frá hafnarsvæði á geymslusvæði á gámafletum, þaðan verða þau flutt á 4 öxla vörubílum á verkstað og sett saman á staðnum og reist með kranbíl. Þau munu standa á steiptum undirstöðum og leiðarar hanga í einangrunarkeðjum sem festar eru neðan í stálgrindarslá. Við jörð tengjast stögin við stagfestur, ýmist steiptar staghellur eða bergbolta. Við flest möstur er gert plan sem nýtt er við frágang undirstaða, reisingu mastra og aðra vinnu við möstrin.



Mynd 4 Lega fyrirhugaðs nýs línustæðis Breiðadalslínu 1 við sunnanverðan Dýrafjörð sýnt með ljósblárrí línu, en núverandi lína með dökkblárrí línu. Núverandi lína verður tekin niður frá mastri 100 að mastri 105. Staðsetning mastra er hvítir punktar og hornmöstur með rauðum punkti.


3.1.2 Helgunarsvæði línunnar

Loflínur hafa áhrif á landnotkun þar sem byggingarbann er innan helgunarsvæðis og ákveðin takmörk á annarri landnotkun. Í kringum lofllínur ber að skilgreina svonefnt helgunarsvæði af öryggisástæðum samkvæmt reglugerð nr. 678/2008 um raforkuvirki, þ.e. lágmarksfjarlægð raflína til annarra mannvirkja. Breidd helgunarsvæða fer eftir aðstæðum, er breytileg eftir haflengdum og útsveiflu leiðara, en helgunarsvæði fyrir 132 kV línu er samtals að jafnaði 35 - 45 m.

3.1.3 Slóðir og plön

Framkvæmdin kallar á að útbúnir verði vegslóðar meðfram fyrirhugaðri línuleið, þ.e. slóðar sem færir eru þungaflutningabílum að sumarlagi. Frá þessum slóðum þarf að leggja afleggjara eða hliðarslóðir að möstrum lofllínu. Einnig þarf að gera plan við flestöll möstur, þ.e. mastaplön. Auk þess þarf að gera svokölluð strengingarplön nærri hornmöstrum þar sem strengingarvélum og leiðararúllum er komið fyrir þegar strenging línunnar fer fram.

Leitast er við að hafa slóðagerð í lágmarki og gert ráð fyrir að nýta núverandi vegi og vegslóða við gerð línunnar. Áætlað er að nýir vegslóðar verði um 2,7 km að lengd. Dæmigert snið vegslóða (línuslóða) er sýnt á Mynd 5. Breidd slóða verður að jafnaði 3,5 - 4,5 m og verða þeir lagðir með þeim hætti að flutt er fyllingarefni á staðinn. Heildarbreidd nýrra slóða með fláum ræðst af landslagi. Eftir þörfum verða svo vegslóðarnir lagfærðir ef undirlag reynist ótraust eða fyllingin ber ekki þungaumferð.



Mynd 5 Dæmigert snið línuslóða sem fyrirhvað er að gera í tengslum við nýja línuleið Breiðadalslínu 1 í Dýrafirði.

3.1.4 Efnispörf og efnistaka

Efnispörf vegna framkvæmdarinnar er tvíþætt, annars vegar er um að ræða efni í vegslóða og plön og hins vegar efni í steypu í undirstöður og stagfestur. Í flestum tilfellum eru undirstöður mastra og stagfestur gerðar úr forsteyptum einingum sem fluttar eru að. Undir frístandandi möstur (endamöstur) eru undirstöður almennt staðsteyptar. Efnispörf vegna steypu á staðnum er því óveruleg.

Afla þarf burðarhæfs fyllingarefnis fyrir plön og vegslóða og áætluð heildar efnispörf vegna þeirra framkvæmda er alls um 18.300 m³. Efnispörfin skiptist á þann hátt að bróðurparturinn, eða 85%, fer í nýja vegslóða og lagfærinar á eldri vegslóðum og 15% í plön.

Staðsetning efnistökusvæða tekur fyrst og fremst mið af efnispörf og efnisframboði sem og umhverfisáhrifum efnistöku. Í næsta nágrenni við framkvæmdasvæðið eru skilgreindar námur á *Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020* (svo sem E14, E15 og E19). Mögulega þarf að bæta nýjum efnistökusvæðum inn á aðalskipulagsbreytingu sem er í ferli vegna framkvæmdarinnar. Því er talið að efnispörfinni verði fullnægt í næsta nágrenni við framkvæmdasvæðið.

3.1.5 Aðstaða verktaka á framkvæmdatíma

Reiknað er með að aðstaða fyrir þá sem vinna verkið verði í nærliggjandi þéttbýli en verktaki við framkvæmdina hafi möguleika á að skapa lágmarks aðstöðu á verkstað. Um væri að ræða færanlega aðstöðu, svo sem kaffiaðstöðu og salernisaðstöðu, en ekki verður um að ræða eiginlega vinnubúðir og ekki er gert ráð fyrir að þessi aðstaða verði tengd veitum á svæðinu.

3.2 Frágangur framkvæmda

Gert er ráð fyrir að frágangur svæðis við möstur og plön og vegslóða verði með þeim hætti að það taki á sig mynd aðliggjandi svæða. Leitast verður við að fylla í holur og ójöfnur sem verða til við framkvæmdirnar með efni af staðnum og staðargróður verður nýttur til að græða það land sem raskað verður. Þar sem það á við verður endurnýtt svarðlag við frágang svæða. Mögulegt er að sá og/eða dreifa áburði í slóða og rask við staurastæður þar sem gróður er fyrir hendi. Á melum og ógrónum svæðum verður land jafnað, sem líkast því sem fyrir er. Leitast verður við að velja árstíma sem ætla má að minnst áhrif verði á gróður. Gera má ráð fyrir að slóðar verði áfram sýnilegir, en samráð verður haft við landeigendur um frágang þeirra.

3.3 Mótvægisáðgerðir

Mótvægisáðgerðir eru áðgerðir til að koma í veg fyrir, draga úr eða bæta fyrir neikvæð umhverfisáhrif. Eftirfarandi mótvægisáðgerðir eiga við framkvæmdir við breytingu á Breiðadalslínu 1 í Dýrafirði:

Til að koma í veg fyrir áhrif:

- Við endanlega hönnun er leitast við að hnika til legu vegslóða staðsetningu mastra og plana frá viðkvæmum gróðursvæðum og fornleifastöðum þar sem það er mögulegt.
- Framkvæmdir við að setja saman möstur og reisa þau verði utan farvegjar Kjaransstaðaár og utan skilgreindra bakka árinna.

Til að draga úr áhrifum:

- Við útfærslu framkvæmdarinnar og legu línunnar hefur verið leitast við að draga úr sjónrænum áhrifum framkvæmdarinnar, m.a. með því að færa línuna fjær íverustað.
- Við framkvæmdir verður svarðlag varðveitt og nýtt við frágang. Einnig verður leitast við að gróðursetja eða sá fræi með staðartegundum í röskuð svæði.

Gætt verður að því að lágmarka truflun á fuglalíf á meðan framkvæmdum stendur. Aftur á móti telur Landsnet rétt að vekja athygli á því að við slíkar framkvæmdir þarf einnig að taka tillit til tíðarfars til að minnka neikvæð áhrif af beinu raski. Því gætu aðstæður (veður og árstíðabundið árferði) orðið með þeim hætti að framkvæmdir og varptími féllu að einhverju leyti saman. Í búsvæði fugla má almennt búast við því að það geti verið varp frá síðari hluta maí fram í júlí. Framkvæmdum á ekki að fylgja mikill hávaði eða truflun. Landsnet mun hins vegar eftir fremsta megni haga framkvæmdum þannig að lágmarka truflun á varp fuglanna.

4 LÝSING ÁHRIFASVÆÐIS

4.1 Staðhættir

Framkvæmdasvæðið er á láglandi í dreifbýli í innanverðum Dýrafirði, en fjörðurinn er þröngur og lítið undirlendi. Ár og lækir renna niður brattar hliðar um dali og gil, en þeirra stærst er Kjaransstaðaá. Vestfjarðarvegur (60) liggur með ströndinni norðan fyrirhugaðrar línuleiðar en meðfram veginum sér víða ummerki eldri vegagerðar og vegslóða.

Fyrirhuguð línuleið Breiðadalslínu 1 liggur um jarðirnar Kjaranstaði (lögbýli samkvæmt lögbýlaskrá) og Dranga (sem er eyðibýli samkvæmt lögbýlaskrá). Við bæinn á Kjaranstöðum eru tún og skógrækt en að öðru leyti fer framkvæmdin um óræktað land.


4.2 Náttúrufar

4.2.1 Gróður

Fjölbreyttar vistgerðir eru á fyrirhugaðri línuleið Breiðadalslínu 1, en Mynd 6 sýnir vistgerðir samkvæmt viðstgerðakorti Náttúrufræðistofnunar innan 45 m til hvorrar hvorrar hliðar. Meðal vistgerða á svæðinu eru *Starungsmýravist* sem hefur mjög hátt verndargildi og *Lyngmóavist* á láglandi með hátt verndargildi. Dæmi um vistgerðir með lágt verndargildi eru *Mosamelavist*, *Víðimelavist*, *Hraungambravist* og *Grasvíðiskriðuvist*. Auk þess eru *Skógrækt* og *Tún og akurlendi* innan athugunarsvæðisins, sjá Mynd 6. Vestan Kjaranstaða liggur línuleiðin um skógræktarsvæði samkvæmt vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar og upplýsinga um skóglendi¹ á vef Lands og skóga.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar um skipulagslýsingu fyrir breytingu á aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar vegna fyrirhugaðrar framkvæmdar kemur fram að óvissa sé í nákvæmri staðsetningu starungsmýrarvistar, þar sem skuggavarp frá fjöllum gæti hafa truflað myndgreininguna sem liggur til grundvallar vistgerðakortinu. Votlendinu hafi verið raskað með vegi og eldri vegslóðum ofar í hliðinni.

¹ Land og skógur. (2026). Allt skóglendi á Íslandi – Yfirlitskort. Sótt 17. apríl 2026 af <https://island.is/s/land-og-skogur/>



Mynd 6 Vistgerðir á fyrirhugaðri línuleið Breiðadalslínu 1, þ.e. vistgerðir á um 90 m belti þar sem línan liggur (45 m til beggja hliða).

4.2.2 Fuglar

Fuglarannsóknir voru framkvæmdar af Náttúrustofu Vestfjarða við innanverðan Dýrafjörð í tengslum við mat á umhverfisáhrifum Dýrafjarðarganga.² Einnig hafa verið framkvæmdar vetrartalningar fugla á svæðinu, þ.e. við ströndina frá Botnsá að Dýrafjarðarbrú (nr. svæðis VF03).³ Samkvæmt rannsókn Náttúrustofunnar var þéttleiki mófugla á athugunarsvæðinu í Dýrafirði 49 pör á km². Meðal tegunda sem verpa við innanverðan Dýrafjörð samkvæmt Náttúrustofu Vestfjarða, og teljast vera tegundir í yfirvofandi hættu (NT) sbr. valista fugla 2025⁴, er Óðinshani. Meðal tegunda sem verpa á svæðinu og taldar eru í nokkurri hættu (VU) samkvæmt listanum, eru tjaldur, heiðlóa, lóupræll og stelkur. Svæðið er ekki talið líklegt eða mikilvægt sem varpsvæði straumandar þar sem búsvæðin benta ekki til þess. Grágæs hefur sést á eða við svæðið, svo sem á túnnum við Kjaramstaði, en ekki er talið að hún verpi á svæðinu. Einnig sjást ernir oft við ströndina í innanverðum Dýrafirði, aðalega yfir vetrartímann, en talið er ólíklegt að framkvæmdir muni hafa áhrif á búsvæði þeirra.

Framkvæmdasvæðið er utan svæða sem teljast mikilvæg fuglasvæði samkvæmt gögnum Náttúrufræðistofnunar.⁵ Botn Dýrafjarðar, þ.e. Dýrafjörður, ásamt fjörum, frá botni og út fyrir Lambadal, er hluti af tillögum Náttúrufræðistofnunar að svæðum á B-hluta náttúruinjasrá.⁶ Svæðið er tilnefnt vegna fjöruvistgerða, fugla og sela og þar er auðugt fuglalíf, m.a. fjöldi vaðfugla á farti og æðarfuglar

² Böðvar Þórisson og Þorleifur Eiríksson. (2008). Fuglaathuganir í Borgarfirði í Arnarfirði og innanlega í Dýrafirði. Unnið fyrir Vegagerðina. Náttúrustofa Vestfjarða. Sótt 17. apríl 2026 af <https://island.is/s/hms>

³ Náttúrufræðistofnun. (2026). Vetrartalningar fugla. Sótt 17. apríl 2026 af <https://www.natt.is>

⁴ Náttúrufræðistofnun. (2026). Valisti fugla 2025. Sótt 17. apríl 2026 af <https://www.natt.is>

⁵ Náttúrufræðistofnun. (2026). Mikilvæg fuglasvæði. Sótt 18. mars 2026 af <https://kort.gis.is/mapview/?app=natt>

⁶ Náttúrufræðistofnun. (2026). Tillögur að svæðum á B-hluta náttúruinjasrá. Sótt 18. mars 2026 af <https://kort.gis.is/mapview/?app=natt>

á fellitíma. Svæðið er utan framkvæmdasvæðisins og framkvæmdir við lagningu línunnar ættu ekki að raska eða hafa áhrif á svæðið.

4.2.3 Jarðmyndanir

Samkvæmt jarðfræðikorti Náttúrufræðistofnunar eru jarðlög á yfirborði á Vestfjörðum einsleit þar sem meginhluti svæðisins flokkast sem “*Basískt og ísúrt gosberg og setlög. Síð-tertier, eldra en 3,3 milljón ára*”. Á stöku stað á öllum kjálkanum er þó að finna “*Súrt gosberg. Tertier og frá ísöld, eldra en 11000 ára*.”⁷

Í tengslum við gerð Dýrafjarðarganga var gerð greining á aðstæðum fyrir jarðgangnagerð á svæðinu⁸ og samkvæmt því hlóðst berggrunnur Vestfjarða upp úr ótalmörgum hraunlögum fyrir um 16,5 til 10 milljónum ára. Í hraunlagastaflanum við sunnanverðan Dýrafjörð eru m.a. ummerki um Tjaldaneseldstöðina, þ.e. forns yfirborðs eldstöðvarinnar. Á svæðinu eru einnig sterk ummerki jökulrofs sem stefnir út Dýrafjörð og úr skálum og hliðardölum. Berggrunnur svæðisins, þar sem fyrirhuguð er línuleið Breiðadalslínu 1, er því gamall, veðraður og viðkvæmur fyrir raski. Ofan á hann hafa víða hlaðist upp setlög og laus jarðlög (jarðgrunnur) fyrir tilstilli jökla og vatns. Jarðmyndanir á svæðinu er því víða huldar lausum jarðefnum og jarðvegi, en á köflum hefur yfirborðinu verið raskað, svo sem við efnistöku og vegagerð og dæmi um það er á Mynd 7.



Mynd 7 Efnisnáma sunnan Vestfjarðarveggar (60), en á láglandi er berggrunnur svæðisins víðast hvar hulinn lausum jarðlögum (jarðgrunnur). Mynd tekin við Kjaransstaða í Dýrafirði en fjær er Kjaransstaðahorn.

4.3 Landslag

Samkvæmt flokkun og kortlagningu landslagsgerða á landsvísu⁹ er skipulagssvæðið innan landslagssvæðisins 6.1.1 Ísafjarðardjúp, sunnan- og vestanverðir Vestfirðir og því er lýst á eftirfarandi hátt:

Djúpir jökulsorfnir firðir og inndalir á suðvestanverðum Vestfjörðum. Brött fjöll ganga upp frá fjarðarbotnum og þau hæstu ná um 1.000 m hæð yfir sjávarmáli. Undirlendi er lítið en gróið grasi

⁷ Náttúrufræðistofnun. (2025). 4. útg. Jarðfræði Íslands. Sótt 20. febrúar 2026 af <http://jardfraedikort.ni.is>

⁸ Ágúst Guðmundsson o.fl. (1999). Arnarfjörður – Dýrafjörður. Könnun á aðstæðum fyrir jarðgöng. Unnið fyrir Vegagerðina 1999. Jarðfræðistofan ÁGVST. Sótt 2. febrúar 2026 af <https://www.vegagerdin.is/>

⁹ Anna Rut Arnardóttir o.fl.. (2020). Landslag á Íslandi. Flokkun og kortlagning landslagsgerða á landsvísu. Unnið af Eflu verkfræðistofu og Land Use Consultants í Skotlandi fyrir Skipulagssstofnun.

eða birkikjarri. Skriður fjallanna eru lítt grónar, brattar, grófar og fremur óstöðugar. Lítt grónir melar á fjallstoppum. Byggð er í mörgum fjörðum, bæði strjál byggð í dreifbýli og þéttbýlisstaðir. Ísafjörður er þeirra fjölmennastur.

Á þeim köflum línuleiðarinnar þar sem hún liggur lægst í landinu hefur landi verið raskað í tengslum við vegagerð, efnistöku og landbúnað. En þar sem línan mun liggja hærra í landinu er landið víðast hvar óraskað. Dæmi um þetta er á neðangreindum myndum, Mynd 8 og Mynd 9.



Mynd 8 Horft frá stað skammt frá vegamótum Vestfjarðarveg (60) og Þingeyrarveg (622) við sunnanverðan Dýrafjörð og til suðausturs inn fjörðinn. Til vinstri á myndinni sér inn til botns Dýrafjarðar en nær og til hægri er Kjaransstaðahorn og Kjaransstaðir. Landslag á svæðinu er nokkuð dæmigert fyrir landslag á Vestfjörðum, þ.e. brött fjöll en undirlendi lítið en gróið grasi eða birkikjarri.



Mynd 9 Horft frá stað skammt frá Dýrafjarðargöngum og til norðvesturs út Dýrafjörð þar sem fyrirhuguð er línuleið Breiðadalslínu 1. Á þeim köflum línuleiðarinnar hefur landi verið raskað í tengslum við vegagerð og aðra mannvirkjagerð.

4.4 Vatnshlot

Skipulagssvæðið er innan grunnvatnshlotsins 101-274G – Vestfirðir. Í nálægð við fyrirhugaða línu eru strandsjavarhlotin 101-1386-C – Dýrafjörður og 101-1281-C – Dýrafjarðarbotn. Í meðfylgjandi viðauka er áhrifamat vatnshlota.

5 Verndarsvæði og vatnshlot

5.1 Vatnsvernd

Fyrirhuguð línuleið Breiðadalslínu 1 er utan skilgreindra vatnsverndarsvæða samkvæmt *Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020*.

5.2 Vatnshlot

Framkvæmdin felur ekki í sér vatnstöku, niðurdælingu eða losun efna í grunnvatn og er jarðrask staðbundið og bundið við mastrastæði, vinnuþlön og vegslóða. Ekki er talið að framkvæmdin hafi áhrif á magn- eða efnafræðilegt ástand grunnvatnshlotsins né hindri að umhverfismarkmið þess náist.

Í ljósi eðlis og staðsetningar framkvæmdarinnar er ólíklegt að lagning loftlínu á þessu svæði hafi áhrif á vistfræðilegt eða efnafræðilegt ástand strandsjavarhlotanna eða hindri að umhverfismarkmið þeirra náist.

5.3 Náttúruvernd

Fyrirhuguð línuleið Breiðadalslínu 1 er utan friðlýstra svæða, en innan svæða á náttúruminjaskrá, þ.e. aðrar náttúruminjar C-huta. Um er að ræða 311. *Skaginn milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar, Þingeyrarhreppi, V-Ísafjarðarsýslu*,¹⁰ sjá Mynd 10.


Eftirfarandi segir um svæðið í náttúruminjaskrá:

(1) Allur skaginn utan ræktaðs lands og þéttbýlis ásamt löndum Hrafnseyrar og Gljúfurár í Arnarfirði. Til austurs ráða mörk svæðis nr. 313 í fjallið Sjónfríð, þaðan lína í upptök Hofsár í Borgarfirði og með henni til sjávar. (2) Fjölbreytt landslag, gróðursælar hliðar og dalir, umgirt stórskornu fjallendi. Framhlaup og jökulminjar. Hrafnseyri er fjölsóttur ferðamannastaður með sögumínum.

Í nágrenni við framkvæmdasvæðið er einnig svæði á C-hluta náttúruminjaskrár, þ.e. 312. *Ketilseyri í Dýrafirði, Þingeyrarhreppi, V-Ísafjarðarsýslu*,¹¹ sjá Mynd 10. Þar er að finna jarðlög í norðurhlíð fjallsins Töflu með plöntusteingervíngum og einstæðan fundarstað pöntuleifa í rauðu millilagi frá tertíer. Framkvæmdin mun ekki hafa áhrif á þetta svæði.

¹⁰ Náttúruverndarstofnun (2026). Náttúruverndarsvæði. Náttúruminjaskrá. Vestfirðir. Sótt 2. febrúar 2026 af <https://ust.is>

¹¹ Náttúruverndarstofnun (2026). Náttúruverndarsvæði. Náttúruminjaskrá. Vestfirðir. Sótt 2. febrúar 2026 af <https://ust.is>



Mynd 10 Fyrirhugu línuleið, svæði á C-hluta náttúruvinjaskrár og svæði sem er hluti af tillögum Náttúrufræðistofnunar á B-hluta náttúruvinjaskrár.

Á ströndinni og í fjörunni í Dýrafirði er svæði sem er hluti af tillögum Náttúrufræðistofnunar á B-hluta náttúruvinjaskrár,¹² þ.e. *Dýrafjörður*, en svæðið er tilnefnt vegna fjöruvistgerða (Mynd 10) en hefur ekki enn verið friðað.

Á kortasjá Náttúrufræðistofnunar er yfirlit yfir tiltekin náttúruvirkbæri sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Samkvæmt kortasjánni er innan framkvæmdasvæðisins lítt raskað votlendi sbr. skilgreiningu laganna, þ.e. votlendi sem er stærra en 20.000 m² og meira en 200 m frá skurðum á láglandi, sjá Mynd 11. Framkvæmdasvæðið í nágrenni við leirur við Dýrafjarðarbrú sem einnig falla undir ákvæði 61. gr. laganna en ekki er um það að ræða að þeim verði raskað af völdum framkvæmdarinnar.

¹² Náttúrufræðistofnun. (2020). Tillögur Náttúrufræðistofnunar að svæðum á B-hluta náttúruvinjaskrár. Dýrafjörður. Sótt 2. febrúar 2026 af <https://www.natt.is/>



Mynd 11 Fyrirhugu línuleið Breiðadalslínu 1 og náttúruminjar sem njóta verndar samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga.

5.4 Fornminjar

Fornleifaskráning var framkvæmd á svæðinu í tengslum við fyrirhugaða lagningu rafstrengs frá Þingeyri að Dýrafjarðargöngum en skýrsla um skráninguna kom út árið 2017.¹³ Skráning minjanna var framkvæmd samkvæmt núgildandi lögum um menningarminjar og staðsetningu þeirra má sjá á Minjavefsja og Mynd 12. Einnig eru fyrirbyggjandi eldri fornleifaskráningar vegna vegagerðar og gangnagerðar milli Dýrafjarðar og Arnarfjarðar^{14,15} en þær fornleifaskráningar voru framkvæmdar samkvæmt þágildandi lögum um menningarminjar.

Fjölmargar fornleifar eru á svæðinu og tengjast þær einkum byggð á Kjaranstöðum og Dröngum og eldri leiðum eða vegum um svæðið. Nánari skráning fornleifa verður unnin á næstu vikum og mun liggja fyrir áður en óskað verður eftir framkvæmdaleyfi og einnig þau skilyrði til mótvægisáðgerða sem Minjastofnun mun leggja fram í kjölfarið.

Ef áður óþekktar fornleifar finnast á framkvæmdartíma, sbr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012, verður haft samband við Minjastofnun Íslands og framkvæmd stöðvuð uns fengin er ákvörðun Minjastofnunar um hvort halda megi áfram og með hvaða skilmálum.

¹³ Margrét Hrönn Hallmundsdóttir. (2017). Fornleifakönnun vegna lagningu á rafstreng að Dýrafjarðargöngum. Náttúrustofa Vestfjarða. Bolungarvík, apríl 2017. NV nr. 17-17. Sótt 2. febrúar 2026 af <https://www.minjastofnun.is/>

¹⁴ Margrét Hallmundsdóttir. (2009). Viðbótarkönnun á fornleifum vegna fyrirhugaðra ganga milli Dýrafjarðar og Arnarfjarðar. Náttúrustofa Vestfjarða. Bolungarvík, júní 2009. NV nr. 2-09. Sótt 2. febrúar 2026 af <https://www.minjastofnun.is/>

¹⁵ Margrét Hallmundsdóttir og Caroline Paulsen. (2008). Fornleifakönnun vegna fyrirhugaðra ganga milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar. Unnið fyrir Vegagerðina. Náttúrustofa Vestfjarða. Bolungarvík, mars 2008. NV nr. 7-08. Sótt 2. febrúar 2026 af <https://www.minjastofnun.is/>



Mynd 12 Skráðar fornleifar á og við fyrirhugaða línuleið Breiðadalslínu 1 samkvæmt gögnum af Minjavefsjá Minjastofnunar. Í gögnum eru ekki minjastaðir sem skráðir voru samkvæmt eldri lögum og ekki hafa verið staðsettar á Minjavefsjá.

6 MÖGULEG UMHVERFISÁHRIF FRAMKVÆMDAR

6.1 Umfang framkvæmdar og áhrifasvæði

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum skal meðal annars taka mið af eðli og staðsetningu framkvæmdar sbr. 1. tl. og 2. tl í viðauka reglugerðar nr. 1381/2021 m.s.br. um mat á umhverfisáhrifum. Í neðangreindum töflum er samantekt á eðli, umfangi og staðsetningu framkvæmdar við breytingu á Breiðadalslínu 1.

Tafla 2 Samantekt á eðli framkvæmdar við Breytingu á Breiðadalslínu 1 í Dýrafirði.

Eðli framkvæmdarinnar	
Hvert er umfangið?	
Lengd línu og vegslóða	Línan er um 4,23 km að lengd með 20 möstur. Eldri lína verður fjarlægð á milli mastra 100 og 105 innan lands Kjaranstaða. Nýir vegslóðar eru um 2,7 km að lengd. Auk þess eru nú þegar vegslóðar á svæðinu sem nýtast í verkefninu, sem verða styrktir.
Efnismagn.	Allt að 18.300 m ³ af burðarhæfu fyllingarefni.
Lengd framkvæmdatíma.	Áætlað er að framkvæmdir taki um 6 mánuði.
Lengd rekstratíma.	Miðað er við að fjárhagslegur afskriftartími 132 kV loftlínu sé um 30 ár en tæknilegur líftími getur verið mun lengri.
Hversu afturkræf er framkvæmdin?	Framkvæmdin er að stórum hluta afturkræf, þ.e. hægt er að fjarlægja möstur, stög og undirstöður nokkuð auðveldlega þegar línan hefur lokið hlutverki sínum. Hægt er að koma landi að mestu leyti í upprunalegt horf þar sem línuleiðin er á landi þar sem eru laus jarðlög (jarðgrunnur).
Eru samlegðaráhrif með öðrum framkvæmdum?	Engin bein samlegðaráhrif eru með tengdum framkvæmdum. Endurbætur á Breiðadalslínu 1 er hluti af þróun flutningskerfinu á Vestfjörðum til lengri tíma.

Tafla 3 Samantekt á staðsetningu framkvæmdar við Breytingu á Breiðadalslínu 1 í Dýrafirði.

Staðsetning framkvæmdar með tilliti til verndar og viðkvæmni	
Hversu vel/illa samræmist framkvæmd fyrirbyggjandi skipulagsáformum?	Framkvæmdirnar samræmast kerfisáætlun. Framkvæmdin kallar á breytingu á aðalskipulagi og er sú breyting í skipulagsferli. Samræma þarf gildandi deiliskipulag vegna tímabundinna starfsmannabúða eða fella það niður.
Svæða sem tilgreind eru í 2. tl. 2. reglugerðar um mat á umhverfisáhrifum. Af þeim svæðum getur framkvæmdin haft áhrif á eftirfarandi:	
• Friðlýstar náttúruminjar	Engar friðlýstar náttúruminjar eru á eða við fyrirhugaða línuleið, þ.e. framkvæmdasvæði.
• Svæða á náttúruminjaskrá	Framkvæmdasvæðið er innan svæða á náttúruminjaskrá, þ.e. aðrar náttúruminjar C-huta, <i>Skaginn milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar</i> .
• Svæði á náttúruverndaráætlun	Framkvæmdasvæðið er utan svæða á náttúruverndaráætlun eða svæða sem eru hluti af tillögum Náttúrufræðistofnunar á B-hluta náttúruminjaskrár.
• Votlendi	Innan framkvæmdasvæðisins er votlendi sem hefur verið raskað m.a af vegagerð.
• Ár	Framkvæmdin/línuleiðin þverar eina á, þ.e. Kjaranstaðaá.
• Vatnshlot	Ekki er talið að framkvæmdin hafi áhrif á magn- eða efnafræðilegt ástand grunnvatnshlotsins. Ólíklegt að lagning loftlínu á þessu svæði hafi áhrif á vistfræðilegt eða efnafræðilegt ástand strandsjávvarhlotanna.
• Fornminjar	Framkvæmdasvæðið liggur um eða í nálægð við fornleifastaði við Kjaranstaði. Ráðist verður í mótvægisaðgerðir í samræmi við tilmæli Minjastofnunar. Þar sem til framkvæmdir verða innan helgunarsvæðis friðlýstra fornminja mun Landsnet óska eftir heimild Minjastofnunar til framkvæmda.

6.2 Hver verða væntanleg áhrif?

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum skal meðal annars taka mið af hugsanlegum eiginleikum umhverfisáhrifa með hliðsjón af eðli framkvæmdar og staðsetningu, sbr. 3. tl. 2. viðauka reglugerðar nr. 660/2015 m.s.br. um mat á umhverfisáhrifum. Í neðangreindri töflu er samantek á gerð og eiginleikum áhrifa af framkvæmdinni.

Tafla 4 Samantekt á gerð og eiginleikar áhrifa af breytingu á Breiðadalslínu 1.

Gerð og eiginleikar áhrifa	
Í hverju munu áhrifin helst felast?	
Ásýndarbreytingar og landslag	Veigamikil áhrif af lagningu línunnar er breyting á ásýnd svæðisins með tilkomu nýrrar línu. Hún mun hafa áhrif á landslag svæðisins þar sem eru tiltölulega fá mannvirki, þ.e. ef frá er talin Vestfjarðarvegur (60). Í viðauka er greining á sýnileika línunnar og þar má sjá að hún er sýnileg á stóru svæði við Dýrafjörð. Lega hennar í hallandi landi gerir það að verkum að hún fellur nokkuð inn í landið (ber óvíða við himinn) og það dregur nokkuð úr sjónrænum áhrifum og ásýndarbreytingum. Veigamestu sjónrænu áhrifin eru við Kjaranstaði, en þar er línan í um 250 m frá bænum. Mótvægisáðgerir felast í að eldri lína verði tekin niður þaðan sem eldri lína og ný lína sameinast ofan Kjaransstaða og að Dýrafjarðarbrú.
Rask	Áhrif af lagningu línunnar mun felast í raski vegna gerðar vegslóða, undirstaða fyrir möstur, mastraplön og strengingarplön. Línuleiðin er um óræktað land á láglendi og bróðurpartur leiðarinnar er vel gróin. Á kafla leiðarinnar er um að ræða votlendi sem mun raskast við framkvæmdir. Einnig liggur línuleiðin í nálægð við fornleifastaði. Hluta línuleiðar hefur verið raskað vegna vegagerðar og annara framkvæmda. Gamlir vegslóðar á svæðinu verða því nýttar sem línuslóðar, en einnig þarf að gera nýja vegslóða. Mótvægisáðgerðir felast í að lágmarka rask á landi eftir því sem kostur er og þá sérstaklega votlendi. Einnig að nýta svarðlag til frágangs við vegslóða og plön.
Hljóð	Á framkvæmdatíma verður minniháttar hávaði í næsta nágrenni vinnuvéla á framkvæmdasvæðinu. Framkvæmdinni fylgir ekki hávaði á rekstrartíma,
Landnotkun	Helgunarsvæði loftlína hefur í för með sér takmarkanir á landnotkun innan þeirra. Áhrifin eru þó takmörkuð þar sem það hefur lítil áhrif á úthaga, túnrækt og útivist sem er megin þorri núverandi nýtingar lands.
Umferð	Á framkvæmdatíma verður aukið umferð um Vestfjarðaveg (60) vegna efnisflutninga.
Hvar mun þeirra helst gæta og hverjir geta orðið fyrir þeim?	
Ásýnd lands og landslag	Framkvæmdin mun hafa í för með sér breytingar á ásýnd lands og ásýndarbreytingar sem felast í að reist verða 20 ný möstur og gerð vegslóða og plana. Áhrifin verða helst á bænum Kjaranstöðum og fyrir þá sem fara um Vestfjarðarveg (60) frá Dýrafjarðarbrú að Dýrafjarðargöngum. Einnig eru möguleg áhrif á þá sem stunda útivist á svæðinu.
Lífriki	Áhrifa á lífríki mun helst gæta þar sem gerðir verða vegslóðar og plön á óröskuðu landi og sérstaklega votlendi. Framkvæmdin getur einnig valdið truflun á búsvæðum fugla á varptíma á þeim svæðum á framkvæmdatíma. Lega vegslóða, staðsetning mastra/mastraplana mun taka mið af þessum viðkvæmu svæðum,

	en þar sem því verður ekki við komið þarf að grípa til mótvægisáðgerða. Línuleiðin þverar Kjarnasstaðaá en ekki er talið að framkvæmdin hafi áhrif á umhverfi árinna, nema mögulega staðbundið á framkvæmdatíma. Lega nýrrar línu hefur ekki í för með sér aukna hættu á áflugi á raflínur í Dýrafirði, þ.e. að teknu tilliti til legu línunnar í landinu, skörun við farleiðir fugla inn og út fjörðinn og núverandi legu línunnar við Dýrafjarðarbrú.
Fornleifar	Framkvæmdin á ekki að hafa áhrif á fornleifar á svæðinu, þegar brugðist hefur verið við skilyrðum sem Minjastofnun mun setja. Jafnframt verður haft samráð við Minjastofnun ef áður óþekktar fornleifar finnast við framkvæmdir.
Loftslag	Framkvæmdin hefur í för með sér losun gróðurhúsalofttegunda vegna notkunar vinnuvéla og losunar jarðvegs.
Heilsa og öryggi	Einn bær, þ.e. Kjaranstaðir, er í nálægð við framkvæmdasvæðið en ekkert í framkvæmd eða rekstri framkvæmdarinnar á að hafa áhrif á heilsu og öryggi þeirra sem þar dvelja. Efnisflutningar kunna að hafa áhrif á umferð og öryggi þeirra sem fara um Vestfjarðaveg (60) á framkvæmdatíma.
Hversu varanleg eru áhrifin?	
Tímabundin áhrif	Tímabundin áhrif verða á framkvæmdatíma vegna rasks á yfirborði lands með áhrifum á gróður og fuglalíf. Áhrifanna gætir eftir framkvæmdatímamann, en það mun draga fljótt úr ummerkjum eftir framkvæmdirnar á fáum árum, þ.e. vegna tilstuðlan vandaðs frágangs og uppgræðslu. Tímabundin áhrif verða á framkvæmdatíma vegna truflunar og hávaða frá vinnuvélum og umferðar á vegum.
Varanleg áhrif	Ásýndarbreytingar og breytingar á landslagi eru varanlegar og þau áhrif verða til staðar meðan línan stendur. Að loknum rekstrartíma eru þessi áhrif að mestu afturkræf. Áhrif á landnotkun, þar sem taka þarf tillit til loftlínunnar við seinni tíma framkvæmdir, teljast varanleg þar sem gert er ráð fyrir að línan verði í notkun í áratugi. Að loknum rekstrartíma er framkvæmdin að mestu afturkræf, það er að hægt er að fjarlægja mannvirkið og að mestu leyti er hægt að afmá ummerki um vegslóða og plön.
Leggjast áhrif framkvæmdarinnar með áhrifum annarra framkvæmda á svæðinu og ýkja þau t.d upp?	Áhrif framkvæmdarinnar leggjast ekki með áhrifum annarra framkvæmda á sama svæði. Breyting á Breiðadalslínu 1 er áfangi í gerð Breiðadalslínu 2, þ.e. hluti af stærri framkvæmd. Framkvæmdin nú, svo og Breiðadalslína 2, mun hafa jákvæð áhrif á afhendingaröryggi á Vestfjörðum.

6.3 Niðurstaða Landsnets

Áhrif framkvæmdarinnar á lífríki, þ.e. gróður og fugla, verða tímabundin og að mestu bundin við framkvæmdatíma. Sama á við um hávaða frá vinnuvélum og truflun á umferð vegna efnisflutninga. Áhrif á ásynd lands og landslag eru veigamestu áhrifin af framkvæmdinni, þ.e. vegna ásyndarbreytinga og breytinga á landslagi á svæðinu, sem rekja má til 20 nýrra mastra og rasks á landi við gerð vegslóða og plana. Við túlkun áhrifanna er litið til þess að skaginn milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar er á C-hluta náttúruminjaskrár og gildi svæðisins felst m.a. í fjölbreyttu landslagi, gróðursælum hlíðum og dölum umgirtum stórskornu fjalllendi. Svæðið er þó að hluta til raskað og lega línunnar í landinu hefur í för með sér að hún verður ekki mjög áberandi nema þar sem hún liggur í nálægð við byggð í dreifbýlinu, þ.e. við bæinn Kjaranstaði. Framkvæmdin liggur í nálægð við fornleifastaði, en ekki er líklegt að minjum verði raskað við framkvæmdir. Unnið verður að mótvægisáðgerðum í samræmi við þau tilmæli sem Minjastofnun Íslands mun setja. Samráð verður haft við Minjastofnun ef áður óþekktar fornleifar finnast á svæðinu. Helgunarsvæði línunnar hefur óveruleg áhrif á núverandi landnotkun og nýtingu lands að teknu tilliti til staðsetningar skógræktarsvæða og tegunda sem ræktaðar eru á þeim svæðum, en helstu áhrifanna gætir vestan Kjaranstaða. Helgunarsvæði línunnar mun eigi að síður takmarka nýtingu lands til framtíðar, t.d. skógræktar innan þess svæðis þar sem takmarkanir gilda.

Landsnet telur að fyrirhuguð framkvæmd við endurbætur á Breiðadalslínu 1 frá Dýrafjarðargöngum að Dýrafjarðarbrú, komi ekki til með að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif vegna umfangs, eðlis eða staðsetningar. Því er það mat Landsnets að ekki sé um að ræða matsskylda framkvæmd.

7 TENGSL VIÐ ÁÆTLANIR

7.1 Kerfisáætlun

Framkvæmdir við Breiðadalslínu 1 eru í samræmi við *Kerfisáætlun 2025-2034*¹⁶, en í langtímaáætlun kemur m.a. fram að á næstu árum sé fyrirhugað að „... hefja framkvæmdir við Norðurhring sem felst í nýrri línu á milli Mjólkár og Breiðadals, Breiðadalslínu 2.

Í *Áætlun um framkvæmdaverk 2026-2028*¹⁷ er ekki gert sérstaklega grein fyrir framkvæmdinni, en sem fyrr segir eru ástæður þess að ráðist verður í breytingar á Breiðadalslínu. Landsnet mun því þurfa að sækja um sérleyfi til Raforkueftirlitsins vegna framkvæmdarinnar.

7.2 Svæðisskipulag


Á skipulagssvæðinu er ekki í gildi svæðisskipulag, en unnið er að gerð svæðisskipulags fyrir Vestfirði. Svæðisskipulagið tekur til 25 ára, þ.e. árin 2025-2050. Framkvæmdin er í samræmi við áherslur svæðisskipulagsins um grunnkerfi, þ.e. orkuflutning og fjarskipti, sbr. markmið 4.3.1 og 4.3.2 í auglýstri tillögu svæðisskipulagsins.

7.3 Aðalskipulag

Aðalskipulag *Ísafjarðarbæjar 2008-2020* tók gildi 20. apríl 2010 og gerðar hafa verið 23 breytingar á aðalskipulaginu frá því að það tók gildi, en engin þeirra varðar framkvæmdarsvæðið. Unnið er að heildarendurskoðun þess. Framkvæmdin tekur til stefnu aðalskipulagsins um rafveitu, landbúnaðarsvæða og efnistökusvæða, sjá Mynd 13.

¹⁶ Landsnet. (2025). Kerfisáætlun 2025-2034. Langtímaáætlun 2025 2025-2034. 10. desember 2025. Landsnet-25020.

¹⁷ Landsnet. (2025). Kerfisáætlun Landsnets 2025-2034. Áætlun um Framkvæmdaverk 2026-2028. Dagsetning 1. september 2025. Landsnet - 25021



Mynd 13 Ný línuleið Breiðadalslínu 1 og landnotkun samkvæmt gildandi aðalskipulagi. Gula línan sýnir fyrirhugað línustæði.

7.3.1 Rafveita

Fjallað er um rafveitu í kafla 11.2.4 *Rafveita* í greinargerð gildandi aðalskipulags. Þar eru eftirfarandi markmið sett fram:

- *Bæta afhendingaröryggi raforku og draga verulega úr straumleysi*
- *Hægt verði að mæta aukinni orkuþörf*
- *Bæta eyjarekstur og samnýta varaafli á svæðinu*
- *Hlutfall endurnýjanlegra orkugjafa í orkunotkun verði sem hæst*
- *Stuðlað verði að aukinni orkunýtni*
- *Lágmarka neikvæð umhverfisáhrif af nýlagningu lína*

Í aðalskipulaginu eru jafnframt skilgreindar leiðir sem helst hafa verið skoðaðar við framfylgd stefnu aðalskipulagsins um rafveitu. Í *Töflu 11.3. Stofnkerfi rafmagnsveitna í Ísafjarðarbæ: Flutningslínur og dreifilínur* (bls. 169) eru ákvæði fyrir Breiðadalslínu 1, en þau eru eftirfarandi:

Lína	Ákvæði
Breiðadalslína 1 66 kV flutningslína. Lengd 36,4 km. Liggur frá Mjólka að tengivirki í Breiðadal.	Gert ráð fyrir því að línan verði lögð í jarðgöngin á milli Dýrafjarðar og Arnarfjarðar og almennt í jörðu þar sem kostur er. Ávallt skal leitast við að lágmarka neikvæð áhrif á umhverfið. Virða skal heilgunarsvæði og tryggja aðgengi að línun og möstrum vegna viðhalds.

Breiðadalslína 1 er jafnframt sýnd á sveitarfélagsuppdrætti, þ.e. á *Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020; Sveitarfélagsuppdrætti – sunnan Djúps*. Á þessum kafla er línan sýnd sem rafveita í jörð (jarðstrengur) á uppdrættinum.

Framkvæmdin kallar á breytingu á stefnu aðalskipulagsins um rafveitu þar sem legu línunnar er breytt og ákvæðum hana er einnig breytt, þ.e. skilgreind verður loftlína í stað jarðstrengs. Skipulagslýsing vegna breytinga á aðalskipulaginu var kynnt í mars 2026 og verður skipulagsgerðin unnin samhliða tilkynningu um matsskyldu framkvæmdarinnar.

7.3.2 Efnistökusvæði

Fjallað er um efnistökusvæði í kafla 8.8 *Efnistaka og vinnsla* í greinargerð aðalskipulagsins. Þar eru eftirfarandi markmið sett fram:

- *Nægt framboð efnistökusvæða verði fyrir fjölbreytta starfsemi*
- *Öllum eldri námum, sem ekki eru sýndar á aðalskipulaginu, verði lokað þannig að þær falli sem best að umhverfi og náttúruleg gæði verði endurheimt*

Í greinargerðinni er einnig nánari umfjöllun um lokun og frágang náma og tafla yfir efnistökusvæði í sveitarfélaginu ásamt ákvæðum fyrir þau. Reiknað er með að nýjum efnistökusvæðum verði bætt inn á aðalskipulag í tengslum við framkvæmdina.

7.4 Deiliskipulag

Innan framkvæmdasvæðisins er í gildi *Deiliskipulag Dýrafjarðarganga – Drangar*, þ.e. deiliskipulag við munna Dýrafjarðarganga í landi Dranga sem tók gildi tók gildi 14. nóvember 2016, sjá afmörkun deiliskipulagssvæðisins á Mynd 14.



Mynd 14 Afmörkun Deiliskipulags Dýrafjarðarganga – Drangar sýnd með rauðri línu. Gula línan sýnir fyrirhugaða nýja línuleið Breiðadalslínu 1 í Dýrafirði.

Deiliskipulagið tekur til tímabundinna vinnubúða og vinnusvæðis vegna Dýrafjarðarganga, en þar var heimilt að staðsetja verkstæði, geymslur eða gáma, skrifstofuðstöðu, spennistöð, steypustöð, sprengiefnageymslu og haugsvæði sem áætlað var að setja upp vegna framkvæmdanna. Í

deiliskipulaginu kemur fram að framkvæmdum loknum verði vinnubúðirnar fjarlægðar og gengið frá svæðinu þannig að ásynð þess verði sem líkust því sem var fyrir framkvæmdirnar.

Framkvæmdin kallar annað hvort á að deiliskipulagið verði felld niður eða því breytt í samræmi við framkvæmdina.

7.5 Aðrar áætlanir

7.5.1 Vatnaáætlun Íslands 2022-2027

Vatnaáætlun er unnin á grundvelli laga um stjórn vatnamála nr. 36/2011. Lögunum er ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns og langtímavernd vatnsauðlindarinnar. Vatnaáætlun felur í sér stefnumörkun um vatnsvernd. Hluti af vatnaáætlun er aðgerðaáætlun þar sem settar eru fram aðgerðir til að tryggja gott ástand vatns og vöktunaráætlun þar sem markmiðið er m.a. að samræma vöktun á vatni um allt land.¹⁸

8 SAMRÁÐSAÐILAR OG LEYFISVEITENDUR

8.1 Samráð við undirbúning framkvæmdar

Landsnet hefur haft samráð marga aðila við undirbúning framkvæmarinnar, svo sem Ísafjarðarbæ og landeigendur jarðanna Kjaranstaða og Dranga í Dýrsfirði. Línán mun liggja yfir land tveggja jarða í Dýrafirði, þ.e. Dranga og Kjaranstaða. Neðangreint er yfirlit um það samtal sem Landsnet hefur átt fram að þessu vegna breytinga á Breiðadalslínu 1.

- **Samráð við eigendur Kjaranstaða.** Í lok janúar 2026 hafði verkefnisstjóri Landsnets samband í gegnum síma við eigendur Nautahjalli sf, Ragnar Kjaran Elísson, Pröst Kjaran Elísson, Hjalta Geir Jónsson, Elísu Björk Jónsdóttur, Friðfinn Kjaran Elísson, Hönnu Laufey Elísdóttur og Ósk Elísdóttur. Landsnet veitti þar upplýsingar um verkefnið, forsendur þess og tildrög, stöðu þess og hvar fyrirhuguð loftlína mun liggja frá gangnamunna Dýrafjarðarganga og að tengipunkti vestan Kjaranstaða. Í kjölfarið var ofangreindum sendur tölvupóstur með frekari upplýsingum og mynd sem sýndi frumtillögur að línuleiðinni. Í byrjun febrúar 2026 var haldinn fundur með eigendum Kjaranstaða hjá Landsneti þar sem farið var nánar yfir fyrirhugaða framkvæmd og á fundinum komu fram fram sjónarmið og tillögur um breytingar á legu línunnar sem Landsnet tók tillit til og var fyrirhugaðri legu línunnar breytt í framhaldinu. Ekki komust allir eigendur jarðarinnar á fundinn, en þeir sem ekki komust á fundinn tóku vel í það að fundurinn færi fram án þeirra þátttöku.
- **Samráð við eigendur Dranga.** Í lok janúar 2026 hafði verkefnisstjóri Landsnets samband í gegnum síma við eigendur jarðarinnar, þ.e. Þórir Örn Guðmundsson og Ómar Dýra Sigurðsson. Landsnet veitti þar upplýsingar um verkefnið, forsendur þess og tildrög, stöðu þess og hvar fyrirhuguð loftlína mun liggja frá gangnamunna Dýrafjarðarganga og að tengipunkti vestan Kjaranstaða. Jafnframt var eigendum jarðarinnar boðið upp á fund þar sem nánar væri farið yfir verkefnið. Sá fundur hefur ekki ennþá verið haldinn vegna anna, en áformað er að boða til hans að nýju.
- **Samráð við Ísafjarðarbæ.** Verkefnisstjóri Landsnet sendi tölvupóst á bæjarstjórnarfulltrúa og skipulags- og byggingarfulltrúa þar sem upplýst var um verkefnið, forsendur þess og tildrög, stöðu þess og hvar fyrirhuguð loftlína mun liggja frá gangnamunna Dýrafjarðarganga og að tengipunkti vestan Kjaranstaða. Jafnframt bauð Landsnet upp á fund en hann hefur ekki verið haldinn ennþá.

18 Umhverfisstofnun (2022). Vatnaáætlun Íslands 2022-2027. Sótt 4. febrúar 2026 af <https://ust.is>

8.2 Leyfi sem framkvæmdin er háð

Sótt verður um framkvæmdaleyfi fyrir lagningu línunnar til Ísafjarðarbæjar samkvæmt 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Sótt verður um leyfi Vegagerðarinnar vegna framkvæma innan veghelgunarsvæða samkvæmt 32. gr. vegalaga nr. 80/2007.

Óskað verður eftir leyfi Minjastofnunar til framkvæmda finnist minjar í nágrenni við fyrirhugað framkvæmdasvæði.

Landsnet mun sækja um sérleyfi til Raforkueftirlitsins vegna framkvæmdarinnar, þar sem hún er ekki á samþykktum kerfisáætlunum.

9 HEIMILDIR

Anna Rut Arnardóttir o.fl.. (2020). *Landslag á Íslandi. Flokkun og kortlagning landslagsgerða á landsvísu*. Unnið af Eflu verkfræðistofu og Land Use Consultants í Skotlandi fyrir Skipulagsstofnun.

Ágúst Guðmundsson o.fl. (1999). *Arnarfjörður – Dýrafjörður. Könnun á aðstæðum fyrir jarðgöng*. Unnið fyrir Vegagerðina 1999. Jarðfræðistofan ÁGVST. Sótt 2. febrúar 2026 af <https://www.vegagerdin.is/>

Land og skógur. (2026). *Allt skóglendi á Íslandi – Yfirlitskort*. Sótt 17. apríl 2026 af <https://island.is/s/land-og-skogur/>

Landsnet. (2025). *Kerfisáætlun Landsnets 2025-2034. Áætlun um Framkvæmdaverk 2026-2028*. Dagsetning 1. september 2025. Landsnet - 25021

Landsnet. (2025). *Kerfisáætlun 2025-2034. Langtímaáætlun 2025 2025-2034*. 10. desember 2025. Landsnet-25020.

Margrét Hallmundsdóttir. (2009). *Viðbótarkönnun á fornleifum vegna fyrirhugaðra ganga milli Dýrafjarðar og Arnarfjarðar*. Náttúrustofa Vestfjarða. Bolungarvík, júní 2009. NV nr. 2-09. Sótt 2. febrúar 2026 af <https://www.minjastofnun.is/>

Margrét Hallmundsdóttir og Caroline Paulsen. (2008). *Fornleifakönnun vegna fyrirhugaðra ganga milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar*. Unnið fyrir Vegagerðina. Náttúrustofa Vestfjarða. Bolungarvík, mars 2008. NV nr. 7-08. Sótt 2. febrúar 2026 af <https://www.minjastofnun.is/>

Margrét Hrönn Hallmundsdóttir. (2017). *Fornleifakönnun vegna lagningu á rafstreng að Dýrafjarðargöngum*. Náttúrustofa Vestfjarða. Bolungarvík, apríl 2017. NV nr. 17-17. Sótt 2. febrúar 2026 af <https://www.minjastofnun.is/>

Náttúruverndarstofnun (2026). *Náttúruverndarsvæði. Náttúruminjaskrá*. Vestfirðir. Sótt 2. febrúar 2026 af <https://ust.is>

Náttúrufræðistofnun. (2026). *Mikilvæg fuglasvæði*. Sótt 18. mars 2026 af <https://kort.gis.is/mapview/?app=natt>

Náttúrufræðistofnun. (2026). *Tillögur að svæðum á B-hluta náttúruminjaskrár*. Sótt 18. mars 2026 af <https://kort.gis.is/mapview/?app=natt>

Náttúrufræðistofnun. (2026). *Válisti fugla 2025*. Sótt 17. apríl 2026 af <https://www.natt.is>

Náttúrufræðistofnun. (2026). *Vetrartalningar fugla*. Sótt 17. apríl 2026 af <https://www.natt.is>

Náttúrufræðistofnun. (2025). *4. útg. Jarðfræði Íslands*. Sótt 20. febrúar 2026 af <http://jardfraedikort.ni.is>

Náttúrufræðistofnun. (2020). *Tillögur Náttúrufræðistofnunar að svæðum á B-hluta náttúruminjaskrár. Dýrafjörður*. Sótt 2. febrúar 2026 af <https://www.natt.is/>

Umhverfisstofnun. (2024). *Mat á áhrifum framkvæmda og starfsemi á vatnshlot – Leiðbeiningar fyrir framkvæmdaaðila, rekstraraðila, ráðgjafa og sveitarfélög um hvernig beri að framkvæma mat á áhrifum framkvæmda og starfsemi á vatnshlot, 1. útgáfa*.

Umhverfisstofnun (2022). *Vatnaáætlun Íslands 2022-2027*. Sótt 4. febrúar 2026 af <https://ust.is>

Böðvar Þórisson og Þorleifur Eiríksson. (2008). *Fuglaathuganir í Borgarfirði í Arnarfirði og innarlega í Dýrafirði. Unnið fyrir Vegagerðina*. Náttúustofa Vestfjarða. Sótt 17. apríl 2026 af <https://island.is/s/hms>

www.vatnavefja.vedur.is, sótt 20.3.2026.

BREIÐADALSLÍNA 1**MINNISBLAÐ**

VERKNÚMÉR: 17148004
 VERKHLUTI: 02
 HÖFUNDUR: ÞR/EIJ Verkís
 RÝNIR: HG Verkís
 DREIFING: Landsnet

DAGS.: 2026-04-17

Sýnileikagreining

Greiningin er unnin í tengslum við fyrirspurn um matsskyldu vegna breytinga á Breiðadalslínu 1, þ.e. loftlínu frá Dýrafjarðargöngum að Dýrafjarðarbrú í Ísafjarðarbæ.

Aðferðir


Sýnileikagreiningin er gerð í reiknilíkani í ArcGIS Pro hugbúnaði sem áætla fjölda mastra sem sjást úr hverri myndeyningu (pixel) í stafrænu hæðarlíkani miðað við hæð masturs og að horft sé úr 1,7 m hæð frá jörðu. Hafa þarf í huga að reiknilíkanið gerir ekki ráð fyrir trjágróðri og núverandi mannvirkjum, og tekur ekki tillit til hversu stór hluti masturs sést. Athugunarsvæðið er skilgreint sem 5 km.

Ásýndarmyndir eru gerðar með innbyggðu 3D líkani í ArcGIS Pro hugbúnaði. Byggt er á CAD teikningum af möstrum sem eru sett inn í 3D líkanið og síðan er mynd tekin frá völdum staðsetningum í 2 m hæð. Teknar eru nokkrar myndir af hverjum stað í mismunandi sjónarhorn til að sýna ásýnd á öll möstrin sem sjást frá hverjum stað. Hafa þarf í huga að 3D líkanið gerir ekki ráð fyrir trjágróðri og núverandi mannvirkjum. Einnig er hafður fyrirvari á því að ásýndarmyndirnar endurspegla ekki að öllu leyti það sem líklegt er að fólk sjái með eigin augum þegar horft er frá þessum stöðum þó svo að um sé að ræða líkanmyndir. Sýnileiki línunnar er mjög háður birtuskilyrðum og fleiri ytri þáttum.

Almennt eru loftlínur, af þeirri gerð sem gerðar verða á línuleiðinni, líklegar til að vera áberandi í sjónsviði áhorfanda sem stendur í allt að um 1 km fjarlægð frá línumastri. Úr meiri fjarlægð dregur úr sýnileikanum og í um 2 km fjarlægð er líklegt að línumastur sé nánast ógreinilegt mannsauga, nema mannvirkið beri fyrir opinn himinn.

Niðurstöður greiningar

Niðurstöður greiningar á sýnileika nýrrar línu frá Dýrafjarðargöngum að Dýrafjarðarbrú er sýndar á neðangreindir mynd.




Á neðangreindri mynd er sýnd línuleið Breiðadalslínu 1 við sunnanverðan Dýrafjörð og helstu staðir þar sem sýnileiki línunnar var skoðaður sérstaklega og vænta má sjónrænna áhrifa af henni, þ.e. við bæinn Kjaranstaði og skammt vestan Dýrafjarðarganga, þ.e. útskot/bílastæði.



Kjaranstaðir

Breiðadalsslína 1 verður í nálægð við bæinn Kjaranstaði, þ.e. suður af bænum. Sýnileikagreiningin leiðir í ljós að allt að 12 af 20 möstrum línunnar verða sýnileg frá bænum ef litið er til allra átta. Línan mun falla nokkuð vel að landi, ber að óverulegu leyti við beran himinn og það dregur nokkuð úr sýnileika hennar og sjónrænum áhrifum.




Staðsetning: Kjaranstaðir
Horft í vestur





Staðsetning: Kjaranstaðir
Horft suður í átt að Kjaranstaðadal




Staðsetning: Kjaranstaðir
Horft suð-austur í átt að Dýrafjarðargöngum





Útskot/bílastæði við Dýrafjarðargöng

Línan verður í nálægð við útskot á Vestfjarðarvegi (60) vestan Dýrafjarðarganga og vænta má að sá sem horfir til beggja átta frá þeim stað sjái 7 til 8 möstur. Vegna nálægðar við línuleiðina veður sýnileiki línunnar mikil á þeim stað, en hún fylgir þó vel landinu og ber hún hvergi við beran himinn. Það hefur í för með sér að sýnileiki og sjónræn áhrif línunnar verða minni en annars hefði verið.



Staðsetning: Útskot á vegi / bílastæði
Horft norð-vestur





Staðsetning: Útskot á vegi / bílastæði
Horft suð-austur



BREIÐDALSLÍNA 1**MINNISBLAÐ**

VERKNÚMER: 17148004
 VERKHLUTI: 03
 HÖFUNDUR: TJ Verkís
 RÝNIR: EIJ Verkís
 DREIFING: Landsnet

DAGS.: 2026-04-14

Skimun á áhrifum á vatnshlot vegna Breiðdalslínu 1 í Dýrafirði

Landsnet hf. áformar breytingu á Breiðadalslínu 1, þ.e. byggingu 132 kV loftlínu, sunnanvert í Dýrafirði í Ísafjarðarbæ, sem tengir saman jarðstreng í Dýrafjarðargöngum og að Dýrafjarðarbrú.

Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu til Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnunar samkvæmt flokki B, sbr. tölul. 13.02 í 1. viðauka laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Minnisblað þetta er unnið í tengslum við matskyldufyrirspurn Landsnets hf. og felur í sér skimun á áhrifum fyrirhugaðrar framkvæmdar á vatnshlot. Markmið þess er að meta hvort framkvæmdin geti haft áhrif á vatnshlot í skilningi laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála, með hliðsjón af leiðbeiningum Umhverfisstofnunar um mat á áhrifum framkvæmda og starfsemi á vatnshlot.¹⁹

Framkvæmdasvæði og staðhættir

Framkvæmdasvæðið er á láglendi í innanverðum Dýrafirði. Fjörðurinn er þröngur og undirlendi takmarkað. Ár og lækir renna úr bröttum hlíðum niður í fjörðinn um dali og gil, þar á meðal Kjaranstaðaá sem er stærsta vatnsfallið á framkvæmdasvæðinu. Vestfjarðarvegur (nr. 60) liggur með ströndinni norðan framkvæmdasvæðisins og má víða sjá ummerki eldri vegagerðar og vegslóða í nágrenni línuleiðarinnar.


Framkvæmdalýsing

Fyrirhuguð framkvæmd felur í sér uppbyggingu 132 kV loftlínu á um 4,23 km kafla frá Dýrafjarðargöngum að Dýrafjarðarbrú í sunnanverðum Dýrafirði. Gert er ráð fyrir að reisa alls 20 stöguð stálmöstrur, með eða án jarðvírseyra. Meðalhæð mastra verður um 16 m og bil á milli þeirra um 160–280 m. Endamöstrin og möstur þar sem línan beygir verða hornmöstur. Leiðari verður af gerðinni 470-AL3 og 18,14 mm í þvermál.

Framkvæmdin felur m.a. í sér slóðagerð og nýtingu núverandi slóða, efnistöku, jarðvinnu vegna undirstaða og stagfestna, reisingu mastra og strengingu leiðara. Möstrin munu standa á steypum undirstöðum og stög tengjast stagfestum, ýmist steypum staghellum eða bergboltum. Við flest möstur verður útbúið vinnupláss vegna undirstaða og reisingar. Gert er ráð fyrir tímabundinni aðstöðu fyrir starfsmenn á framkvæmdatíma og frágangi raskaðra svæða við verklok.

Reiknað er með að ný lína sameinist núverandi Breiðadalslínu 1 sunnan Kjaranstaða og að eldri lína verði tekin niður frá þeim stað og að Dýrafjarðarbrú. **Mynd 1** sýnir línuleiðina og legu núverandi línu við Dýrafjörð.

¹⁹ Umhverfisstofnun. (2024). Mat á áhrifum framkvæmda og starfsemi á vatnshlot – Leiðbeiningar fyrir framkvæmdaaðila, rekstraraðila, ráðgjafa og sveitarfélög um hvernig beri að framkvæma mat á áhrifum framkvæmda og starfsemi á vatnshlot, 1. útgáfa.



Mynd 1 Yfirlitskort sem sýnir legu fyrirhugaðrar nýrrar Breiðadalslínu 1 (rauð lína) og staðsetningu mastra (svartir punktar), ásamt núverandi línuleið (blá lína). Á kortinu má sjáafmörkun vatnshlota á áhrifasvæði línuleiðar þ.e. grunnvatnshlottið Vestfirðir og strandsjávahlotin Dýrafjörður og Dýrafjarðarbotn eins og þau eru skilgreind í Vatnavefsja. Kjaransstaðaá er sýnd með gulri línu en er ekki skilgreind sem sjálfstætt vatnshlot.

Vatnshlot á áhrifasvæði

Fyrirhuguð línuleið liggur um grunnvatnshlottið Vestfirðir (101-274G). Umhverfismarkmið fyrir grunnvatnshlottið er að magnstaða sé góð og efnafræðilegt ástand sé gott en magnstaða og efnafræðilegt ástand eru óþekkt, sjá **Tafla 1**.

Framkvæmdin felur ekki í sér vatnstöku, niðurdælingu eða losun efna í grunnvatn og er jarðrask staðbundið og bundið við mastrastæði, vinnuþlön og vegslóða. Ekki er talið að framkvæmdin hafi áhrif á magn- eða efnafræðilegt ástand grunnvatnshlotsins né hindri að umhverfismarkmið þess náist.

Norðan við línuleiðina liggja strandsjávahlotin Dýrafjörður (101-1386-C) og Dýrafjarðarbotn (101-1281-C). Umhverfismarkmið fyrir Dýrafjörður er að vistfræðilegt og efnafræðilegt ástand sé gott. Vistfræðilegt ástand er óflokkað og efnafræðilegt ástand er óþekkt. Staðbundið álag er skráð á vatnshlottið vegna fráveitu án hreinsunar frá Þingeyri. Umhverfismarkmið fyrir Dýrafjarðarbotn er að vistfræðilegt ástand sé mjög gott og efnafræðilegt ástand gott. Vistfræðilegt ástand vatnshlotsins er metið mjög gott en efnafræðilegt ástand er óþekkt. Ekkert álag er skráð á vatnshlottið, sjá **Tafla 1**

Línan verður staðsett á landi sunnan við strandsjávahlotin og sker hvorki fjöru né strandlínu. Engar framkvæmdir eru fyrirhugaðar innan strandsjávahlotanna né er gert ráð fyrir losun efna í strandsjó.

Í ljósi eðlis og staðsetningar framkvæmdarinnar er ólíklegt að lagning loftlínu á þessu svæði hafi áhrif á vistfræðilegt eða efnafræðilegt ástand strandsjávahlotanna eða hindri að umhverfismarkmið þeirra náist.

Tafla 1 Upplýsingar um þau vatnshlot sem eru á áhrifasvæði framkvæmdarinnar eins og þær koma fyrir í Vatnavefsjá.²⁰

Heiti vatnshlots	Vestfirðir	Dýrafjörður	Dýrafjarðarbotn
Númer vatnshlots ID	101-274-G	101-1386-C	101-1281-C
Lengd/stærð	1978 km ²	70,6 km ²	2,4 km ²
Vatnsflokkur	Grunnvatn	Strandsjór	Strandsjór
Vatnagerð	-	CS1	CS2
Verndarsvæði	Engin skráð	Engin skráð	Engin skráð
Umhverfismarkmið			
Vistfræðilegt/magnstaða	Góð	Gott	Mjög gott
Efnafræðilegt	Gott	Gott	Gott
Áhætta	Óskilgreind	Ekki í hættu	Ekki í hættu
Ástand			
Vistfræðilegt/magnstaða	Óþekkt	Óflokkað	Mjög gott
Efnafræðilegt	Óþekkt	Óþekkt	Óþekkt
Skráð álag	Staðbundið álag-Sorpurðun í Vatnseyrarhlíðum, Patreksfirði.	Staðbundið álag vegna fráveitu án hreinsunar -Skólp frá Þingeyri, 200 persónueiningar og staðbundið álag-sjókvíaelði Artic Sea Farm hf. í Dýrafirði.	Ekkert skráð

Kjaransstaðaá liggur um framkvæmdasvæðið og þverar fyrirhugaða línuleið. Áin er ekki skilgreind sem sjálfstætt vatnshlot í Vatnavefsjá, en engu að síður gilda um hana almenn ákvæði laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Samkvæmt þeim ber að koma í veg fyrir hnignun á ástandi yfirborðsvatns og tryggja að umhverfismarkmið náist.

Möstur verða reist utan farvegar Kjaransstaðaár og utan skilgreindra bakka hennar. Ekki er gert ráð fyrir framkvæmdum innan farvegar árinna né inngripi í botn, bakka eða rennslissnið hennar. Framkvæmdin felur því hvorki í sér breytingar á farvegi, stíflugerð, rennslisstýringu né aðrar vatnsformfræðilegar breytingar sem líklegar eru til að hafa varanleg áhrif á vistfræðilegt ástand árinna.

Möguleg áhrif framkvæmdarinnar takmarkast við tímabundna áhættu á framkvæmdatíma. Þau felast einkum í aukinni hættu á mengunaróhöppum, svo sem við áfyllingu vinnuvéla, auk mögulegrar aukningar svifaus í afrennsli vegna jarðrasks. Slík áhrif geta einkum komið fram við slóðagerð og vinnu við mastrastæði í nágrenni árinna.

Með viðeigandi framkvæmdaháttum, þar á meðal virkum mengunarvörnum, skýru verklagi við áfyllingar vinnuvéla, afmörkun vinnusvæða, rofvrörnum og vönduðum frágangi raskaðra svæða við verklok, er talið að áhrif framkvæmdarinnar verði staðbundin, skammvinn og að fullu afturkræf.

Með hliðsjón af framangreindu er ekki talið að framkvæmdin hafi áhrif á vatnsformfræði, líffræðilega gæðabætti eða vistfræðilegt ástand Kjaransstaðaár, né að hún feli í sér hnignun í skilningi 18. gr. laga nr. 36/2011.

Niðurstaða

²⁰ www.vatnavefja.vedur.is, sótt 20.3.2026.

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna um framkvæmdina, staðsetningu hennar og eðli inngripa er það niðurstaða skimunarinnar að breyting á Breiðdalslínu 1 sé ekki líkleg til að hafa neikvæð áhrif á vatnshlot í skilningi laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála.

Framkvæmdin felur hvorki í sér vatnstöku, rennslisbreytingar, losun efna í vatn né inngrip í strandsjávarhlot. Jarðrask er staðbundið og bundið við mastrastæði og vinnuþlön og eru möguleg áhrif tímabundin og afturkræf. Möstur verða reist utan farvegjar Kjaransstaðaár og ekki er gert ráð fyrir inngripi eða breytingum á vatnsformfræði hennar. Með hliðsjón af framangreindu er ekki talið að framkvæmdin leiði til hnignunar á ástandi viðkomandi vatnshlota né hindri að umhverfismarkmið þeirra náist.